



EFNI:

Ólögleg vímuefni - bls. 1
Viðhorf og neysla
Íslendinga
18–67 ára

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

ÓLÖGLEG VÍMUEFNI – VIÐHORF OG NEYSLA ÍSLENDINGA 18–67 ÁRA

Í nóvember og desember 2012 fól Embætti landlæknis fyrirtækinu Maskínu að gera könnun á neyslu kannabisefna og annarra ólöglegra vímuefna á Íslandi og á viðhorfi Íslendinga til þess að neysla kannabisefna yrði gerð lögleg. Í úrtakinu voru alls 1751 einstaklingar á aldrinum 18–67 ára af öllu landinu. Alls svöruðu 996 spurningalistanum og var svarhlutfall því 58,3%. Samskonar kannanir voru framkvæmdar af Gallup fyrir Áfengis- og vímuvarnaráð árin 2001 og 2003.

Viðhorf til lögleiðingar kannabisneyslu

Samkvæmt ofangreindri könnun frá árinu 2012 voru 78% svarenda andvígir því að neysla kannabis yrði gerð lögleg hér á landi, heldur færri en árið 2003 þegar 87% svarenda voru því andvígir. Munur er á viðhorfi eftir hópum. Karlar eru hlynntari því að neysla kannabis sé gerð lögleg heldur en konur, þeir sem eru yngri, íbúar höfuðborgarsvæðisins og þeir sem telja sig vera við sæmilega eða lélega andlega og líkamlega heilsu eru hlynntari lögleiðingu en samanburðarhópar. Þá eru þeir sem hafa prófað kannabisefni og önnur ólögleg vímuefni

hlynntari lögleiðingunni og þeir sem hafa notað lyfseðilsskyld lyf á annan hátt en samkvæmt læknisráði eru einnig hlynntari henni en þeir sem aldrei hafa prófað slík lyf.


Niðurstöður könnunar frá árinu 2012 sýna enn fremur að um 5% svarenda telja líklegt að þeir myndu prófa kannabis ef neysla þess væri lögleg en tæplega 91% telur það ólíklegt. Af þeim sem telja það ólíklegt segja langflestir það vera mjög ólíklegt. Karlar eru líklegri en konur til þess að vilja prófa, þeir yngri eru líklegri en þeir eldri og íbúar höfuðborgarsvæðisins líklegri en þeir sem búa utan þess.

Neysla á kannabisefnum og öðrum ólöglegum vímuefnum

Í könnuninni frá 2012 segjast um 36% svarenda hafa prófað kannabisefni einhvern tíma á ævinni og hefur það hlutfall hækkað um 11 prósentustig síðan 2003. Karlar, yngra fólk, þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og þeir sem meta líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega eru líklegri en aðrir til þess að hafa prófað kannabis. Þá hafa þeir einnig frekar

prófað kannabis sem hafa prófað önnur vímuefni eða neitt lyfja vegna kvíða, ótta eða þunglyndis síðustu 12 mánuði áður en könnunin var lögð fyrir.

Langstærstur hluti þeirra sem hafa prófað kannabisefni (tæplega 82%) notuðu þau ekki á síðustu 12 mánuðum áður en könnunin



Mynd 1. Viðhorf til lögleiðingar á neyslu kannabisefna, 2003 og 2012

Í könnuninni frá 2012 segjast um 36% svarenda hafa prófað kannabisefni einhvern tíma á ævinni og hefur það hlutfall hækkað um 11 prósentustig síðan 2003.

Langstærstur hluti þeirra sem hafa prófað kannabisefni (tæplega 82%) notuðu þau ekki á síðustu 12 mánuðum áður en könnunin var gerð.

var gerð. Um 11–12% þeirra sem hafa prófað kannabis notuðu efnið 1–2 sinnum á síðustu 12 mánuðum og 3–4% 20 sinnum eða oftar.

Algengast er að fólk prófi kannabisefni fyrst á aldrinum 18–19 ára en samkvæmt könnuninni frá 2012 prófaði um 61% svarenda kannabisefni fyrir 20 ára aldur, þar af um 13% á grunnskólaaldri (15 ára og yngri). Konur, íbúar utan höfuðborgarsvæðisins, þeir tekjulægri og þeir sem meta líkamlega heilsu sína verri prófuðu kannabisefni að jafnaði yngri en samanburðarhópar.

Í könnuninni frá 2012 kemur enn fremur fram að um 18% þeirra sem hafa prófað kannabisefni hafa á einhverju tímabili notað kannabisefni daglega eða reglulega og hefur það hlutfall lítið breyst frá árinu 2003. Þeir sem eru með lægri fjölskyldutekjur eru líklegri til að hafa verið í daglegri eða reglulegri neyslu, einnig þeir sem meta andlega heilsu sína sæmilega eða lélega og þeir sem hafa prófað önnur ólögleg vímuefni en kannabis. Þeir sem prófuðu kannabisefni fyrst yngri en 18 ára eru mun líklegri til þess að hafa á einhverju tímabili notað kannabisefni daglega eða reglulega heldur en þeir sem prófuðu kannabisefni fyrst eftir þann aldur.

Af þeim sem höfðu neytt kannabisefna á síðustu 12 mánuðum áður en könnunin fór fram árið 2012 ætluðu ríflega 57% ekki að hætta notkun þeirra en rúmlega 36% voru þegar hættir. Þeir sem voru yngri en 25 ára, konur og íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru líklegri en aðrir til að vilja ekki hætta að neyta kannabis.

Um 7–8% þeirra sem notuðu kannabis síðustu 12 mánuðina áður en könnunin var lögð fyrir sögðu að notkun þess hefði valdið þeim einhverjum vandræðum síðustu 12 mánuði og rúmlega 20% þeirra höfðu fengið ráðleggingar um að hætta notkun efnanna. Yngri, tekjulægri og minna menntaðir svarendur virðast frekar fá ráðleggingar um að hætta kannabisneyslu en aðrir. Einn af hverjum fimm hafði reynt að hætta notkuninni síðastliðna 12 mánuði.


63% Íslendinga hafa aldrei neytt ólöglega vímuefna

Niðurstöður könnunar frá 2012 sýna að um 63% Íslendinga á aldrinum 18–67 ára hafa aldrei prófað nein ólögleg vímuefni. Af þeim sem hafa prófað ólögleg vímuefni hafa flestir prófað kannabis og langflestir fyrir meira en 12 mánuðum eða prófað 1–2 sinnum á síðustu 12 mánuðum. Um 13% svarenda sögðust hafa prófað önnur ólögleg vímuefni en kannabis. Tæplega 11% höfðu prófað amfetamín en næstflestir kókaín, eða 9%. Karlar höfðu prófað önnur vímuefni en kannabis í aðeins meira mæli en konur og yngri svarendur frekar en þeir sem eldri eru. Einnig kom fram að því yngra sem fólk var þegar það prófaði kannabisefni fyrst því meiri líkur voru á að það hefði prófað önnur vímuefni.

Meira en einn af hverjum fjórum þeirra sem höfðu notað önnur ólögleg vímuefni en kannabis höfðu notað þau á síðustu 12 mánuðum.

Af þeim sem notuðu önnur ólögleg vímuefni en kannabis á síðustu 12 mánuðum áður en könnunin var gerð höfðu flestir (90%) notað þau sjaldnar en fimm sinnum en 10% höfðu notað þau oftar. Flestir sem notuðu efnin höfðu aldrei reynt að hætta notkun þeirra (85%).

Sveinbjörn Kristjánsson
Rafn M. Jónsson



Mynd 2. Neysla á ólöglegum vímuefnum meðal Íslendinga á aldrinum 18–67 ára